

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
52. fundur.

**Miðvikudaginn 11. júní 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Fulltrúar frá Landsneti mæta til fundar.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Tillögur starfshóps um samstarf á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga í A-Hún.
  
4. Fundargerðir:
  - a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra dags. 27. maí 2008.
  - b) Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 20. maí 2008.
  - c) Iðjunefndar dags. 27. maí 2008.
  
5. Bréf:
  - a) Frá Fjarska ehf dags 1. apríl og 3. júní 2008.
  - b) Frá Vegagerðinni dags. 2. júní 2008.
  - c) Frá Umf. Geisla dags. 3. júní 2008.
  - d) Frá atvinnuráðgjafa SSNV dags. 25. maí 2008.
  - e) Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurl-vestra dags. 30. maí 2008.
  
6. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins:

Fundargerð byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 10. júní 2008, liður 4d.

Verkfundargerð vegna nýbyggingar leikskóla dags. 10. júní 2008, liður 4e.

Fjallaskilamál verða tekin fyrir undir dagskrárliðnum önnur mál.

**1. Fulltrúar frá Landsneti mæta til fundar.**

Árni Jón Eliasson, Axel Valur Birgisson og Sigurjón Páll Ísaksson mættu til fundar. Kynnt var fyrirhuguð endurnýjun á byggðarlínu, 1. áfangi 220 kv línu frá Blöndu til Akureyrar. Framkvæmdin styrkir landskerfið í heild og er jafnframt nauðsynleg til að tryggja álfynnuverksmiðju á Akureyri nægjanlega orku. Gert er ráð fyrir að línan um Húnavatnshrepp þveri Blöndudal og Svartárdal yfir í Vatnsskarð. Línan liggur um fimm jarðir í sveitarfélaginu.

Verið er að skoða mögulegar lagnaleiðir og undirbúa drög að matsáætlun. Reiknað er með að hæð mastra verði á bilinu 16 til 24 metrar. Helgunarsvæði línu er 55 metrar. Rætt hefur verið við landeigendur og framkvæmdirnar kynntar á þeim meginleiðum sem ákveðnar hafa verið. Fram kom að jarðstrengslausnir eru ekki tæknilega eða kostnaðarlega fýsilegar í 220 kv línu. Í framhaldi af fundinum mun Landsnet senda inn erindi til sveitarstjórnar með ósk um breytingu á svæðisskipulagi A-Hún, vegna fyrirhugaðrar línulagnar og að hún verði sett inn á aðalskipulag sveitarfélagsins sem er í vinnslu. Fulltrúar Landsnets yfirgáfu fundinn.

**2. Skýrsla sveitarstjóra.**

Kynnt staða varðandi byggðasamlag um tónlistarskóla. Kynnt verkefnastaða í sveitarfélaginu.

Farið yfir tvö tilboð sem borist hafa í skáningu fornleifa. Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra að ræða við Byggðasafn Skagfirðinga um að Byggðasafnið taki að sér skráningu fornleifa í Húnavatnshreppi á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs frá þeim.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 52. fundur.

### 3. Tillögur starfshóps um samstarf á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga í A-Hún.

Sveitarstjóri og varaoddviti gerðu grein fyrir fundi samráðshóps um verkefni héraðsnefndar sem haldinn var á Blönduósi þriðjudaginn 3. júní. Á fundinum voru gerðar minniháttar breytingar á samþykktum um byggðasamlög og samningum um nefndir.

Oddviti bar upp til samþykktar samning um samstarf á sameiginlegum verkefnum sem hafa verið unnin skv. samningum um héraðsnefnd og félagsþjónustu.

Samþykktir fyrir byggðasamlag um Tónlistarskóla A-Hún

Samþykktir fyrir byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu A-Hún

Samþykktir um byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún

Samning um Búfjárefirlits- og fjallskilanefnd A-Hún.

Samning um Gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti samhljóða fyrirliggjandi samning um samstarf á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga í A-Hún, ásamt samþykktum um byggðasamlög og samningum um nefndir og fól sveitarstjóra undirritun þeirra f.h. Húnavatnshrepps.

Fulltrúar E-lista vilja að fram komi að þeir telji miður að með þessum breytingum á samstarfinu missi minnihlutar sveitarstjórna á svæðinu tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri á sameiginlegum vettvangi og að ekki skuli vera neinar vísbendingar um áframhaldandi þróun á samstarfi sveitarfélaganna.

Eftirfarandi aðilar voru kosnir í stjórnir byggðasamlaga og nefndir vegna samstarsverkefna:

Byggðasamlag um Tónlistarskóla A-Hún.

Aðalmaður: Tryggvi Jónsson Varamaður: Jóhanna E. Pálmadóttir

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Aðalmaður: Jón Gíslason Varamaður: Ólöf Birna Björnsdóttir.

Byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu í A-Hún.

Aðalmaður: Björn Magnússon Varamaður: Gróa Lárusdóttir.

Búfjárefirlits og fjallskilanefnd A-Hún.

Aðalmaður: Gróa Lárusdóttir Varamaður: Árni Bragason.

Gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún.

Bréf hefur borist frá stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda með tilnefningum í gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún. Eftirfarandi eru fulltrúar Húnavatnshrepps:

Aðalmaður: Jóhanna E. Pálmadóttir Varamaður Tryggvi Jónsson

Hreppsnefnd staðfestir tilnefningu Búnaðarsambandsins.

### 4. Fundargerðir:

#### a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra dags. 27. maí 2008.

Til kynningar

#### b) Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 20. maí 2008.

Til kynningar

#### c) Iðjunefndar dags. 27. maí 2008.

Til kynningar

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 52. fundur.

### **d) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 10. júní 2008.**

Fundargerðin samþykkt

### **e) Verkfundar vegna nýb.leikskóla dags. 10. júní 2008.**

Fundargerðin samþykkt.

## **5. Bréf:**

### **a) Frá Fjarska ehf dags 1. apríl og 3. júní 2008.**

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara um Húnavatnshrepp.

Fyrir fundinum liggur einnig erindi frá fjarskiptanefnd Húnavatnshrepps þar sem tilgreind er æskileg lega ljósleiðara og staðir þar sem skilja þarf eftir slaufur á honum.

Hreppsnefnd samþykkti að fjarskiptanefnd vinni málið áfram í samráði við sveitarstjóra og oddvita og að endanlegar tillögur verði sendar til Fjarska ehf, þegar þær liggja fyrir.

### **b) Frá Vegagerðinni dags. 2. júní 2008.**

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar Vatnsdalsveggar (722) milli Hvamms og hringveggar.

Hreppsnefnd samþykkti að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar Vatnsdalsveggar, með fyrirvara um samþykki landeigenda.

Hreppsnefnd væntir þess að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu vega í Vatnsdal.

### **f) Frá Umf. Geisla dags. 3. júní 2008.**

Efni: Beiðni um framlag á hvern íbúa sveitarfélagsins sem nær yfir starfssvæði Umf. Geisla. Hreppsnefnd samþykkti erindið.

### **g) Frá atvinnuráðgjafa SSNV dags. 25. maí 2008.**

Efni: Beiðni um þátttöku í kostnaði vegna útgáfu á ferðaþjónustubæklingi fyrir Húnavatnssýslur.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja útgáfuna um 60 þúsund krónur og óskar eftir að atvinnuálanefnd Húnavatnshrepps fái handritið til yfirlestrar fyrir útgáfu þess.

### **h) Frá Heilbrigðiseftirliti Noðurl-vestra dags. 30. maí 2008.**

Efni: Hækkun á gjaldskrá og framlagi sveitarfélaga frá 1. júlí n.k.

Hreppsnefnd samþykkir breytinguna.

## **6. Önnur mál**

### **Fjallskilamál.**

- Fyrir fundinum liggja drög að nýrri fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu. Hreppsnefnd gerði tillögur að ýmsum breytingum á reglugerðinni sem sendar verða héraðsnefnd.
- Hreppsnefnd samþykkti að kjósa eftirfarandi aðila sem aðalmenn í fjallskilanefnd Grímstungu- og Haukagilsheiða.  
Egill Herbertsson, Magnús Pétursson og Birgir Gestsson.  
Varamenn: Björn Magnússon, Birgir Ingþórsson og Gróa Lárusdóttir.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 52. fundur.

- Viðhald girðinga á heiðum: Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi málsins.
- Með tilliti til mikillar hækkunar á eldsneiti samþykkti hreppsnefnd að hækka akstursstyrk úr 25. kr. á km. í 35 kr. á km og vísar kostnaði vegna þessa til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.
- Hreppsnefnd fagnar því að skýrsla nefndar um atvinnu og samfélag á Norðurlandi vestra, sem forsætisráðherra skipaði þann 4. janúar 2008 hefur litið dagsins ljós. Niðurstöður skýrslu nefndarinnar valda þó hreppsnefnd verulegum vonbrigðum.
- Hreppsnefnd beinir þeim tilmælum til atvinnumálanefndar Húnavatnshrepps að nefndin kynni sér einstök efnisatriði skýrslunnar og geri grein fyrir hvað af tillögum nefndarinnar sé til styrkingar á atvinnulífi í Húnavatnshreppi. Einnig beinir hreppsnefnd þeim tilmælum til nefndarinnar að hún skoði möguleika á því að reist verði áburðarverksmiðja á svæðinu.
- Þau mistök urðu við bókun í síðustu fundargerð hreppsnefndar að Jón Gíslason var bókaður í nefnd um málefni Búnaðarfélaga. Hið rétta er að Tryggvi Jónsson var skipaður í þessa nefnd ásamt þeim Ólöfu Birnu Björnsdóttur og Gróu Lárusdóttur og leiðréttist þetta hér með.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.15

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgir Ingbórsson

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M Lárusdóttir

---

Jens P. Jensen